



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 13. ágúst 2007

Ákvörðun nr. 39/2007

Samruni Mest ehf. og Súperbygg ehf.

I.

Í kjölfar umfjöllunar í fjölmiðlum um samruna Mest ehf. og byggingavöruverslunarinnar Súperbygg ehf. vakti Samkeppniseftirlitið athygli félaganna á því að um gæti verið að ræða samruna sem skylt væri að tilkynna til Samkeppniseftirlitsins samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með bréfi dags. 10. janúar 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Mest ehf. og Súperbygg ehf. Samrunatilkynning þessi uppfyllti ekki skilyrði þau sem gerð eru til samrunatilkynninga skv. 17. gr. samkeppnislaga og reglna nr. 881/2005, um tilkynningu samruna. Var óskað eftir ítarlegri upplýsingum með bréfi dags. 21. janúar 2007 og aftur þann 22. febrúar. Þann 28. mars voru lagðar dagsektir á fyrirtækin vegna vanrækslu á tilkynningu samruna með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2007. Ný samrunatilkynning barst Samkeppniseftirlitinu þann 16. apríl, en var í nokkrum atriðum áfátt. Fullnægjandi upplýsingar bárust loks í maí. Telur Samkeppniseftirlitið að með ofangreindri upplýsingagjöf hafi aðilar fullnægt skyldu sinni til þess að tilkynna um samruna í samræmi við ákvæði 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur um tilkynningu samruna nr. 881/2005. Á grundvelli upplýsinga sem fram koma í samrunatilkynningunni er það mat Samkeppniseftirlitsins að samningur aðila feli í sér samruna sem falli undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi dags. 15. maí 2007, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Skýringar samrunaaðila hafa einnig komið fram á fundum þeirra með fulltrúum Samkeppniseftirlitsins.

II.

Aðilar samrunans eru tveir, Mest og Súperbygg. Mest varð til í ársbyrjun 2006 við samruna Steypustöðvarinnar hf. og Merkúr hf. undir merkjum Mest. Í samrunatilkynningu aðila segir að starfsemi Mest felist í framleiðslu á steinsteypu, hellum og einingum, rekstri á múrverslun og heildsölu með verkfæri o.fl. Þá selji félagið vinnuvélar og byggingavélar til mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda auk þjónustu tengdri sölu og leigu vélanna. Um Súperbygg segir að félagið reki stórmarkað með almennar byggingavörur á höfuðborgarsvæðinu. Eðli starfseminnar sé rekstur byggingavöruverslunar fyrir iðnaðarmenn og aðra framkvæmdaaðila. Einnig selji verslunin glugga, stálgrindarhús, gólfefni o.fl.



Í tilkynningunni kemur fram að aðdragandi samrunans hafi verið sá að um mitt ár 2005 hafi Merkúr hf., (síðar Mest ehf. við samruna Merkúr og Steypustöðvarinnar), selt innréttigadeild sína til Súperbygg gegn hlutum í hinu síðastnefnda. Þeir hlutir hafi þá verið seldir móðurfélagi Merkúr, Agn Holding. Með samningi þann 1. janúar 2007 eignaðist Agn Holding svo allt hlutafé í Súperbygg.

Þá segir að markmið samrunans sé að auka arðsemi rekstrareininganna með hagræðingu í rekstri og samlegðaráhrifum auk mikillar aukningar í vöruúrvali sem efla muni þjónustu við viðskiptavinum til muna. Meginmarkmiðið sé því að styrkja Mest í sessi með nýjum vöruflokkum þar sem ætlunin sé að bjóða upp á valkost á markaðnum sem hafi þá stefnu að þjónusta viðskiptavini allt frá því að þeir fái lóð úthlutað til lokafrágangs mannvirkja og umhverfis þeirra. Sameinað félag muni verða eitt sterkasta alhliða félag á íslenskum byggingavörumarkaði.

Að mati samrunaaðila er hinn landfræðilegi markaður Ísland. Þær vörur og þjónusta sem hið sameinaða félag veiti sé þó að hluta til staðbundin, s.s. steinsteypa. Eingöngu sé hægt að þjónusta svæði sem staðsett eru í nálægð við steinsteypustöðvar félagsins þar sem um sé að ræða ferskvöru sem hafi stuttan líftíma áður en henni sé dælt í steypumót. Hvað aðra vöru eða þjónustu fyrirtækjanna varðar sé hinn landfræðilegi markaður landið allt, svo fremi sem dreifileiðir séu fyrir hendi.

Samrunaaðilar telja að í kjölfar samrunans verði ekki um beina skörun að ræða á þeim mörkuðum sem félögin starfi á þar sem vöruflokkar félaganna hafi verið ólíkir og þau því ekki starfað á sömu mörkuðum. Þá sé ekki um það að ræða að þeir markaðir sem annað félagið starfi á séu á fyrra eða síðara sölustigi miðað við þá markaði sem hinn aðilinn starfi á. Hvorki sé því um láréttan né lóðréttan samruna að ræða í skilningi samkeppnisréttar. Samruninn komi því ekki til með að hafa áhrif á markaðshlutdeild fyrirtækjanna á viðkomandi mörkuðum.

III.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruni sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Því er ekki ástæða til að hafast að vegna samruna Mest og Súperbygg á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



Ákvörðunarorð:

„Með samningi um yfirtöku Mest ehf. á öllum eignum og rekstri Súperbygg ehf. felst samruni í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson